

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar Kirkjuferjuháleigu, landnúmer 212149, nefnt Kinn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 25. júní 2009 samþykkt deiliskipulag fyrir Kirkjuferjuháleigu, landnr. 212149, nefnt Kinn, Ölfusi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagstillagan tekur til lands úr jörðinni Kirkjuferjuháleigu, Ölfusi, nefnt Kinn, alls 4,4 ha. Aðkoma er frá Suðurlandsvegi nr. 1 um Kirkjuferjuveg nr. 3915. Minnsta fjarlægð byggingarreits frá Kirkjuferjuvegi nr. 3915, er 50 m. Innan skipulagssvæðis eru 3 byggingarreitir. Byggingarreitur 1 fyrir einbýlishús ásamt bílgeymslu. Byggingarreitur 2 fyrir skemmu og véla- og tækjageymslu. Byggingarreitur 3 fyrir tvö gróðurhús. Ein athugasemd kom á auglýsingartímanum frá Sorpstöð Suðurlands, dagsett 4. maí 2009. Athugasemd við að lóðir og byggingarreitir liggi nálægt aðkomuvegi að athafnasvæði Sorpstöðvar Suðurlands í landi Kirkjuferjuháleigu. Einnig talið að talsvert ónæði verði af umferð að sorpurðunarsvæðinu fyrir þá sem dvelja í íbúðarhúsum. Einnig að lóðarhöfum verði gerð grein fyrir starfsemi sorpurðunarsvæðisins og þeirri umferð sem starfseminni fylgir.

Eftirfarandi breyting var gerð á deiliskipulagsuppdrættinum og hann þannig samþykktur:

Landeigandi veit af starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands við Kirkjuferjuháleigu. Umferð til stöðvarinnar er um veginn sem liggur við landið af stórum bifreiðum. Óþægindi geta skapast af þessari umferð. Landeigandi gerir ekki athugasemdir við þessa umferð og hefur valið að nýta sér ákvæði varðandi héraðsvegi um að minnsta fjarlægð að byggingarreit íbúðarhúsnæðis er 50 metrar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar Kirkjuferjuháleigu, landnúmer 212150, land 2.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 25. júní 2009 samþykkt deiliskipulag fyrir Kirkjuferjuháleigu, landnr. 212150, land 2, Ölfusi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagstillagan tekur til lands úr jörðinni Kirkjuferjuháleigu, Ölfusi, land 2, alls 5,0 ha. Aðkoma er frá Suðurlandsvegi nr. 1 um Kirkjuferjuveg nr. 3915. Minnsta fjarlægð byggingarreits frá Kirkjuferjuvegi nr. 3915, er 50 m. Innan skipulagssvæðis eru 2 byggingarreitir. Byggingarreitur 1 fyrir einbýlishús ásamt bílgeymslu. Byggingarreitur 2 fyrir skemmu sem rúmar hesthús og þjálfunarstöð. Ein athugasemd kom á auglýsingartímanum frá Sorpstöð Suðurlands, dagsett 4. maí 2009. Athugasemd við að lóðir og byggingarreitir liggi nálægt aðkomuvegi að athafnasvæði Sorpstöðvar Suðurlands í landi Kirkjuferjuháleigu. Einnig talið að talsvert ónæði verði af umferð að sorpurðunarsvæðinu fyrir þá sem dvelja í íbúðarhúsum. Einnig að lóðarhöfum verði gerð grein fyrir starfsemi sorpurðunarsvæðisins og þeirri umferð sem starfseminni fylgir.

Eftirfarandi breyting var gerð á deiliskipulagsuppdrættinum og hann þannig samþykktur:

Landeigandi veit af starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands við Kirkjuferjuháleigu. Umferð til stöðvarinnar er um veginn sem liggur við landið af stórum bifreiðum. Óþægindi geta skapast af þessari umferð. Landeigandi gerir ekki athugasemdir við þessa umferð og hefur valið að nýta sér ákvæði varðandi héraðsvegi um að minnsta fjarlægð að byggingarreit íbúðarhúsnæðis er 50 metrar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 23. desember 2010.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.